

## Fundargerð notendahóps greiningaraðila

Fundurinn var haldinn hjá Hagstofu Íslands fimmtudaginn 31. október 2019 milli klukkan 10 og 11.30.

Aðilar frá greiningaraðilum sem mættu á fundinn voru:

- Almenni lífeyrissjóðurinn
- ASÍ
- Expectus
- Greiðslustofa lífeyrissjóða
- Hagfræðistofnun
- Íbúðalánasjóður (3 aðilar)
- Íslandsbanki
- Íslandsstofa
- Kvika
- Landssamtök lífeyrissjóða
- SA
- Seðlabankinn (2 aðilar)

Á fundinum voru eftirfarandi Hagstofustarfsmenn:

Frá Hagstofu Íslands	Staða
Áslaug Dagbjört Benónýsdóttir	Gæðastjóri
Björn Rúnar Guðmundsson	Sviðsstjóri – Efnahagssvið
Böðvar Þórisson	Sviðsstjóri - Fyrirtækjasvið
Heiðrún Erika Guðmundsdóttir	Deildarstjóri – Vísitöludeild
Hrafnhildur Arnkelsdóttir	Sviðsstjóri – Félagsmálasvið
Marinó Melsted	Deildarstjóri – Rannsóknir og spár
Ólafur Arnar Þórðarson	Sviðsstjóri – Stjórnslát og samstarf

Fundarstjóri var Ólafur Arnar Þórðarson.

Dagskrá:

1. Kynning á Hagstofunni
2. Umbótahugmyndir notendahóps
  - Hvað erum við að gera vel
  - Hvað má betur fara
  - Nýjar hugmyndir og þeim forgangsraðað
3. Önnur mál

### Fundargerð

1. Fundarstjóri bauð fundargesti velkomna og kynnti í stuttu máli tilgang fundarinnar og dagskrár. Fundarstjóri sagði fundargestum frá því að Hagstofa Íslands væri þessa dagana í stefnumótunavinnu til næstu 5 ára og væri því niðurstaða þessa fundar gott innlegg í þá vinnu. Stefnt er að því að hafa endurgjöf til notendahópsins aftur í vor.

2. Gæðastjóri kynnti verkefni fundarins, umbótahugmyndir. Fundargestir voru beðnir um að skrifa á miða atriði um hvað Hagstofa Íslands **er að gera vel**. Dæmi um það sem kom fram voru eftirfarandi atriði:
- Gott að geta vistað sem csv og xml link sem uppfærast með tímabilum
  - Gott starfsfólk
  - Að reyna eftir megni að greina ferðaþjónustu út úr þjóðhagsreikningum og vinnumarkaðsgögnum
  - Mannfjöldaspáin
  - Fjölbreytt launatölfræði
  - Mikið af áhugaverðum og nytsamlegum gögnum sem minn vinnustaður notar mikið
  - Samanburðarhæfni við norðurlönd
  - Gott að geta valið að sjá encoding í stað strengs
  - Jákvætt viðmót starfsmanna
  - Yfirleitt góð og snögg þjónusta sem óhætt er að treysta á
  - Yfirleitt hægt að treysta undirliggjandi gögnum
  - Vefurinn virkar vel í að birta gögn og skila á réttu formi, vista á mism formi
  - Oftast hjálplegt starfsfólk þegar leita þarf frekari skýringa á útgefnum hagtölum
  - Flestir sérfræðingar Hagstofu eru reiðubúnir og leggja sig fram til að aðstoða þegar til þeirra er leitað. Leggja sig fram til að finna svörin.
  - Einn á vinnustaðnum hefur verið að skrifa bækur og notað mikið vefinn. Hann er mjög ánægður með vefinn og finnst hann alltaf vera betri og betri.
  - Gott að geta valið mismunandi birtingarmyndir gagna
  - Gistinætur og almenn ferðaþjónustugögn orðin betri
  - Uppsetning og tíðni flestra gagna til fyrirmyndar
  - Standist útgáfudagssetningar sem þið setjið ykkur
  - Hægt að sækja grunn gögn á bakvið flestar mælistærðir sem þið birtið
  - Samræmd framsetning á hagtölum
  - Birta samanburðarhæf gögn skv opinberum stöðlum

Næst voru fundargestir beðnir um að skrifa á miða **hvað mætti betur fara**. Dæmi um það sem kom fram voru eftirfarandi atriði:

- Undanfarið hafa ákv tölur verið leiðréttar fljótlega eftir birtingu (þjóðhagsreikninga sérstaklega) – vekur efasemdir um áreiðanleika
- Frekari upplýsingar á vefnum um aðferðir. Nefni dæmi um VNV, flugmælinguna þar sem við fengum loðin svör um hvernig flugverð yrði mælt eftir fall WOW
- Erfitt að finna verðsöfnunardaga
- Leitin á vefnum mætti vera betri
- Aðgangur að samanburðargögnum á vef Hagstofunnar og vefum OECD og Eurostat mætti vera betri a) að unnt verði að finna gögnin sem send hafa verið til þessara aðila á vef Hagstofunnar b)Ef Hagstofan hefur valið önnur viðmið fyrir birtingu íslenskra gagna á eigin vef en OECD og Eurostat kjósa að nota í fjölþjóðasamanburði, þá verði mögulegt að velja einnig fjölþjóðlegu viðmiðin í gagnafyrirsprungum
- Meðallaunatölfræði á störf kemur seint
- Ferðaþjónusta er hægt að koma tölum fyrr inn? Neysla ferðmananna t.d. ekki komin fyrir 2018

- Vantar að skilgreina supervisor per gagnasett, og skilgreina úr atvinnulífi flokkanir sem meika sens fyrir okkar atvinnulíf. Hverjir eru notendurnir? Viðskiptavinir?
- Síðast þegar reyndi á vantaði upp á upplýsingar um menntun og laun – mikilvægt að þetta samband liggi fyrir þegar fólk velur sér námsbraut
- Væri gott að fá tengingu við gagnagrunn svo hægt sé að setja upp sjálfvirkar keyrslur og auðveldara að ná í gögn
- Mætti bæta skýringar í töflum, stundum óljóst hvað maður er að skoða. Mismunandi einingar og samsetning gagna stundum óljós
- Mætti auka sveigjanleika og valmöguleika á sundurliðun og niðurbroti gagna
- Fá lengri tímaraðir, meiri tíðni líka
- Vantar að geta tengt í kerfi í kerfi (eða Excel) í gegnum vefþjónustulag (oData, REST etc.) Of mikið mál að vinna gögn sem koma frá ykkur
- Lýsigögn óaðgengileg of erfitt að skilja samhengi skýrslna og greininga. Dæmi: fiskútflutningur t.d. Eftir hagrænni flokkun, vs hagstofu vs ISTAT
- Ekki skýrt tekið fram þegar gögn eru falin vegna rekjanleika vandamála
- Sundurliðun launagagna
- Auka tíðni sumra gagnasafna, sem aðeins eru á ársbasis t.d. eins sum gögn sem koma út sjaldnar. Auðveldar erlendan samanburð → vont þess að það skýri stundum tómar cellur fyrir Ísland hjá OECD og Eurostat
- Gott að fá myndræna sýn strax, sbr Fred síðu í USA og fyrra viðmót Seðlabankans þarf þá ekki að hlaða gögnum niður strax
- Aðgangur SA og ASÍ að gögnum í tengslum við kjarasamningagerð
- Vefþjónustulag. Tenging t.d. Í gegnum Excel inn í gögn á vefnum
- Væri gott að geta átt meira við gögnin áður en hlaðið niður a) breyta ársfjórðungs VLF í árlegar tölur sem dæmi oft eru þetta gögn með meira niðurbrot en árstölurnar kannski og því sótt í þær b)staðla gögn fyrirfram
- Fá hærri tíðni á þau þjóðhagsreikningagögn sem nú eru árleg t.a.m vergan rekstrarafgang fyrirtækja
- Atvinnuhúsnæði er afar mikilvægur eignaflakkur að baki útlánasafna bankanna
- Flýta birtingu gagna, t.d. mánaðarleg gögn um vinnumarkað
- Lýsigögn eru yfirleitt óaðgengileg
- Auka áherslu á atvinnuhúsnæði þegar kemur að fjármunamyndun og fjármunastofni/fjármagnsstofni. Sundurgreint niður á: Hótel og gistirými, skrifstofur og verslanir, iðnaðarhúsnæði og vörugeymslur
- Vantar flýtvísun á tölur á forsíðu eins og vísitölu og mannfjölda bæði inn á svæði til að velja gögn og hugsanlega inn á svæði þar sem búið er að velja grunninn til að birta þessa tölu(töfluna)
- Geta valið „allt“ í vali í síma(vefur á farsíma). Í stað þess að þurfa að haka í alla liði.
- Bæta sum gögn eins og íbúðir í byggingu, mikill munur á tölum Hagstofunnar og t.d. Talningu Samtaka Iðnaðarins. Skýra aðferðarfræði.
- Uppfæra lífskjararannsóknina hraðar. Tölur frá 2016 eru gamlar.
- Mætti auka yfirsýn og aðgengi að gögnum. Stundum erfitt að finna réttu gögnin með réttu niðurbroti.
- Vantar betri samanburð milli landa á lykiltölum. Er það ykkar starf? Ef ekki hver þá?
- Tíðni upplýsinga er of ein, mætti birta tölur (óvottaðar þess vegna)
- Of handvirk vinnsla á gögnum

- Myndbirting talna og hagstærða er 20 ára gömul. Framsetning lykiltalna er óskýr og erfitt að sjá og að skilja skóginn frá trjánum.
- Hagvísar í ferðapjónustu snúa eingöngu um magn en segja ekki mikið um verðmæti eða gæði (dreifing ferðamanna, tekjur á hverja gistinótt o.s.frv)
- Mætti fjölga töflum þar sem hægt er að uppfæra eftir tímabilum sjálfkrafa
- Stundum ekki samræmi hvernig NA er kóðað (eða punktar og kommur)
- Stundum eru einingar vitlausar eða óskýrar sérstaklega ef sama tafla inniheldur fleiri en eina tegund mælieiningar
- Hafa link á töflur í öllum skýrslum, bæði á töfluna sjálfa í xlsx eða csv og inn á þá töflu sem gögnin eru unnin úr (ef viðeigandi)
- Mætti vera skýrara hvernig mismunandi flokkanir tengjast
- Fá sérvinnslur með meiri uppfæranleika
- Nýjustu gögn inn á vefnum eru frá 2016. Nefni dæmi um húsnæðismál.
- Stundum er misjafnt hvernig gögn eru sett fram eftir því hversu mikið þau eru niðurbrotin. Gott væri að sýna alltaf yfirflokka líka ef hægt er þegar undirflokkar eru sýndir.

Síðasti liðurinn fjallaði um **nýjar hugmyndir** en það eru atriði sem snúast um hvaða nýjar hugmyndir ætti helst að framkvæma en einnig geta þetta verið atriði undir flokknum „hvað má gera betur“. Fundargestir skrifuðu hugmyndir sína á miða og kynntu þær síðan munnlega í kjölfarið. Í framhaldinu var hverjum og einum útvegað þrjú atkvæði sem hann/hún máttu nota til þess að kjósa um hugmyndir. Sú hugmynd sem fékk flest atkvæði fór efst í forgangs röðunina og svo koll af kolli. Í framhaldinu verður stofnað sérstakt verkefni utan um þetta.

#### Niðurstaða fundarins eftirfarandi:

- Mælaborð útflutnings eins og gert hefur verið fyrir ferðapjónustu. Myndræn framsetning til að sjá fyrir sambandið milli gagna (6 stig)
- Fleiri undirliðir þjóðhagsreikninga á ársfj.tíðni s.s. undirfl.fjárfestinga og einkaneyslu (4 stig)
- Búa til Data mart (almennt gagnagrunnssvæði) og gefa stofnunum og/eða almenningi aðgang svo hægt sé að vinna betur með gögn og fá yfirsýn yfir gögnin (3 stig)

### 3. Önnur mál

Fundarstjóri sagði frá því að næsti notendafundur væri á dagskrá vorið 2020 og þá væri veitt endurgjöf á stöðu verkefna sem varð niðurstaða þessa fundar.